

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 163/2014

163-2015i

frá 25. september 2014

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 25/2014 frá 13. janúar 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1251/2008 að því er varðar færsluna fyrir Kanada í skránni yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólfi þaðan sem leyft er að flytja tiltekin lagardýr inn til Sambandsins ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 86. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1251/2008) í hluta 4.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32014 R 0025**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 25/2014 frá 13. janúar 2014 (Stjtið. ESB L 9, 14.1.2014, bls. 5).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 25/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jüger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 9, 14.1.2014, bls. 5.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.